

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

# Afkvæmarannsóknir 2018

Niðurstöður afkvæmarannsókna í sauðfjárrækt á vegum bænda

Eypór Einarsson, Árni B. Bragason og Lárus G. Birgisson

Hér er niðurstöðum úr afkvæmarannsóknna frá haustinu 2018 gerð skil. Umsagnir sem niðurstöðum fylgja voru ritaðar af Eyþóri Einarssyni, Árna B. Bragasyni og Lárusi G. Birgissyni.

### **Umfang**

Það voru 75 bú sem uppfylltu skilyrði um styrkhæfa afkvæmarannsókn haustið 2018. Alls eru í þessum uppgjörum 750 hrútar og þar af 446 veturgamlir. Þetta eru örlítið færri bú en í fyrra en talsvert fleiri hrútar, en þá voru 82 afkvæmarannsóknir sem innihéldu 638 hópa og 377 veturgamla hrúta.

Bakvöðvaþykkt hjá meðalafkvæmahópnum var 28,9 mm, gerð í sláturhúsi 9,7, fitueinkunn 6,6 og fallþungi 17,3 kg. Samanborið við síðasta ár er meðalhópurinn vænni, feitari, með þykkari bakvöðva en gerðareinkunn þó sú sama og árið 2017. Þá var meðaltalið fyrir bakvöðva 28,7 mm, gerðareinkunn 9,7, fitueinkunn 6,4 og fallþungi 16,9 kg.

### **Kröfur gagnvart styrkhæfum afkvæmarannsóknnum**

Kröfurnar voru óbreyttar frá fyrra ári, þ.e.a.s. að í samanburði þurfa að vera a.m.k. 5 hrútar, hver þeirra þarf að eiga að lágmarki upplýsingar um 8 ómmæld og stiguð lömb og 15 lömb með kjötmatsniðurstöður. Af þessum 5 hrútum þurfa að lágmarki 4 að vera veturgamlir en styrkir greiðast eingöngu út á veturgamla hrúta.

Stífar kröfur eru ekki gerðar varðandi framkvæmd afkvæmarannsóknna og því er mismikið hægt að byggja á niðurstöðum þeirra eftir því hversu sambærilegir hóparnir eru. Mælst er til þess að bændur prófi á skipulagðan hátt ákveðna hrúta, s.s. lambhrútana í samanburði við besta fullorðna hrútinn og leggji þá áherslu á að hafa ærhópana og haustmeðferð afkvæmanna sem líkasta.

1. tafla. Hrútar í afkvæmarannsóknum 2018 með yfri 120 stig í heildareinkunn

Býli	Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Innri-Múli, Barðaströnd	Spakur	16-302	Svali	14-071	127	140	163	<b>143,3</b>	18,7	11,8	6,7	29,2	3,3	17,7	145,0
Ketilseyri, Dýrafirði	Svimi	17-062	Nagli	15-071	120	135	144	<b>133,3</b>	18,8	11,8	7,5	30,1	3,2	17,9	127,7
Bárðartjörn, Grýtubakkahreppi	Hreinn	16-451	Svimi	14-956	100	154	127	<b>126,8</b>	15,8	10,3	5,5	29,3	2,5	17,3	139,0
Melar, Fljótshálsa	Saumur	16-116	Saumur	12-915	91	139	146	<b>125,6</b>	16,0	9,6	5,4	30,8	2,7	17,9	133,2
Hraunsmúli, Kolbeinsstaðahreppi	Gyllir	17-554	Harðangur 4	15-553	105	124	147	<b>125,2</b>	16,1	9,6	5,2	29,5	2,3	17,4	140,9
Grænahlíð, Arnarfirði	Lárus	15-567	Gutti	12-030	84	143	145	<b>124,0</b>	16,7	10,5	6,3	32,1	3,0	17,8	137,1
Litlu-Reykir, Reykjahverfi	Kambur	16-038	Grímur	14-955	108	126	137	<b>123,6</b>	19,0	12,1	7,2	31,5	2,1	18,3	151,0
Gunnarsstaðir, Þistilfirði	Dóni	17-055	Hrauni	12-948	105	112	150	<b>122,6</b>	16,3	10,1	6,9	31,8	2,5	17,9	132,3
Klifmýri, Skarðsströnd	Safi	17-403	Dreki	13-953	104	131	132	<b>122,1</b>	17,9	10,4	6,1	30,3	2,4	17,7	151,8
Melar, Hrutafirði	Músi	17-776	Bangsi	14-765	99	135	131	<b>121,9</b>	16,7	10,5	6,5	29,3	2,6	17,6	129,8
Litla-Hof, Öraefum	Lútó	16-335	Burkni	13-951	113	127	125	<b>121,4</b>	18,3	11,3	6,5	31,4	3,2	17,9	155,2
Fornustekkar, Nesjum	Vísir	15-075	Hvati	13-926	96	109	158	<b>121,0</b>	16,5	9,5	6,7	30,5	3,4	17,8	151,3
Þorgautsstaðir, Hvítársíðu	Óliver	17-164	Tinni	15-968	109	120	133	<b>120,7</b>	16,8	10,4	6,4	28,5	2,4	17,7	136,6
Hrifla, Þingeyjarsveit	Landi	17-058	Litli-Dreki	16-163	95	148	118	<b>120,6</b>	16,9	11,4	6,2	30,0	2,5	17,8	143,8
Hrepphólar, Hrunamannahreppi	Hagur	17-196	Bekri	12-911	109	127	126	<b>120,3</b>	18,6	11,1	6,9	30,6	2,6	18,0	155,5
Hvammur, Lóni	Svartur	17-455	Klettur	13-962	103	108	149	<b>120,2</b>	17,0	9,0	6,2	28,8	2,1	17,5	141,0
Þóroddsstaðir, Hrutafirði	Premill	17-051	Kölski	10-920	101	134	124	<b>120,1</b>	17,9	11,1	5,7	31,6	2,4	17,5	138,4

2. tafla. Hrutar með 125 stig eða meira í einkunn fyrir kjötmat.

Býli	Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Bárðartjörn, Grýtubakkahreppi	Hreinn	16-451	Svimi	14-956	100,1	<b>153,6</b>	126,7	<b>126,8</b>	15,8	10,3	5,5	29,3	2,5	17,3	139,0
Hrifla, Þingeyjarsveit	Landi	17-058	Litli-Dreki	16-163	95,2	<b>148,4</b>	118,2	<b>120,6</b>	16,9	11,4	6,2	30,0	2,5	17,8	143,8
Grænahlíð, Arnarfirði	Lárus	15-567	Gutti	12-030	84,1	<b>142,5</b>	145,3	<b>124,0</b>	16,7	10,5	6,3	32,1	3,0	17,8	137,1
Innri-Múli, Barðaströnd	Spakur	16-302	Svali	14-071	126,7	<b>140,2</b>	162,9	<b>143,3</b>	18,7	11,8	6,7	29,2	3,3	17,7	145,0
Melar, Fljótshálsa	Saumur	16-116	Saumur	12-915	91,4	<b>139,0</b>	146,3	<b>125,6</b>	16,0	9,6	5,4	30,8	2,7	17,9	133,2
Skarðaborg, Reykjahverfi	Börkur	17-114	Börkur	13-952	107,2	<b>136,8</b>	114,7	<b>119,6</b>	17,9	12,1	6,6	28,5	2,0	17,8	135,4
Gýgjarhólskot, Biskupstungum	Þrætusporður	17-236	Klettur	13-962	98,5	<b>136,5</b>	100,6	<b>111,9</b>	24,5	11,1	6,7	32,1	3,1	17,9	162,7
Ketilseyri, Dýrafirði	Svimi	17-062	Nagli	15-071	120,0	<b>135,4</b>	144,3	<b>133,3</b>	18,8	11,8	7,5	30,1	3,2	17,9	127,7
Melar, Hrutafirði	Músi	17-776	Bangsi	14-765	99,4	<b>135,1</b>	131,3	<b>121,9</b>	16,7	10,5	6,5	29,3	2,6	17,6	129,8
Grafarkot, Línakaradal	Haus	17-595	Bergur	13-961	89,6	<b>135,0</b>	97,2	<b>107,3</b>	17,9	10,6	6,9	30,3	3,2	17,4	132,3
Fremri-Gufudalur, Gufudalssveit	Rex	17-409	Viddi	16-410	95,7	<b>134,3</b>	123,1	<b>117,7</b>	18,6	10,6	6,3	30,0	3,0	17,7	126,7
Þóroddsstaðir, Hrutafirði	Premill	17-051	Kölski	10-920	101,4	<b>134,3</b>	124,4	<b>120,1</b>	17,9	11,1	5,7	31,6	2,4	17,5	138,4
Melar, Árneshreppi	Jesper	14-082	Dagur	11-034	85,1	<b>133,6</b>	115,0	<b>111,2</b>	17,8	10,8	6,1	31,1	3,1	18,0	121,1
Klifmýri, Skarðsströnd	Safi	17-403	Dreki	13-953	103,7	<b>131,0</b>	131,7	<b>122,1</b>	17,9	10,4	6,1	30,3	2,4	17,7	151,8
Syðri-Ingveldarstaðir, Reykjaströnd	Útlagi	16-160	Haffi	14-159	99,6	<b>129,6</b>	91,5	<b>106,9</b>	15,6	9,8	5,8	26,6	2,9	17,1	134,7
Bær 1, Hrutafirði	Fífill	17-256	Ebiti	13-971	101,5	<b>129,5</b>	118,0	<b>116,3</b>	16,3	9,6	5,6	28,4	3,7	17,1	142,6
Laxamýri, Reykjahverfi	361 Gylfi	16-720	119 Vængur	13-783	99,5	<b>129,3</b>	121,0	<b>116,6</b>	17,0	10,9	6,8	29,5	2,6	17,8	138,7
Syðri-Hofdalir, Viðvíkursveit	Tímon	17-531	Jónas	12-949	101,0	<b>128,6</b>	129,0	<b>119,5</b>	17,4	10,4	6,4	32,6	3,2	17,8	125,9
Smáhamrar, Steingrímsfirði	Bliki	16-066	Hnokki	12-047	95,1	<b>128,3</b>	108,9	<b>110,8</b>	17,8	11,1	6,6	30,9	3,9	17,9	132,0
Laxamýri, Reykjahverfi		190	22 Risi	15-708	96,3	<b>127,8</b>	90,5	<b>104,8</b>	16,7	10,6	6,7	27,2	2,7	17,6	140,5
Hjallaland, Vatnsdal		17-690	Geymir	15-106	120,4	<b>127,7</b>	90,7	<b>112,9</b>	17,8	10,5	6,8	27,8	4,6	17,1	132,9
Skálholtsvík, Hrutafirði	Brúsi	16-085	Angi	15-072	94,6	<b>127,5</b>	120,2	<b>114,1</b>	16,2	10,2	6,3	29,4	2,6	17,2	128,8
Litla-Hof, Öraefum	Kraki	16-332	Grímur	14-955	90,8	<b>127,4</b>	113,0	<b>110,4</b>	16,8	10,4	5,5	30,6	3,2	17,7	155,9
Hvammur, Lóni	Seti	17-450	Gróði	11-958	92,0	<b>127,4</b>	97,3	<b>105,6</b>	15,7	9,5	5,8	26,2	3,0	17,6	152,1
Hrepphólar, Hrunamannahreppi	Hagur	17-196	Bekri	12-911	108,5	<b>126,7</b>	125,9	<b>120,3</b>	18,6	11,1	6,9	30,6	2,6	18,0	155,5
Litla-Hof, Öraefum	Lútó	16-335	Burkni	13-951	112,9	<b>126,7</b>	124,7	<b>121,4</b>	18,3	11,3	6,5	31,4	3,2	17,9	155,2
Tunga, Gönguskörðum	Bbiti	17-107	Ebiti	13-971	90,5	<b>126,7</b>	117,4	<b>111,6</b>	16,4	9,7	5,9	28,8	2,6	17,3	137,9
Hólabær, Langadal		17-598	Börkur	13-952	95,6	<b>126,2</b>	97,5	<b>106,5</b>	18,2	11,7	7,2	28,4	2,9	16,6	125,7
Ríp, Hegrnesi	Frakkur	16-247	Frami	11-250	98,7	<b>126,0</b>	134,8	<b>119,8</b>	17,4	11,3	6,8	32,8	3,4	18,0	153,4
Litlu-Reykir, Reykjahverfi	Kambur	16-038	Grímur	14-955	108,1	<b>125,9</b>	136,7	<b>123,6</b>	19,0	12,1	7,2	31,5	2,1	18,3	151,0
Fremri-Gufudalur, Gufudalssveit	Viddi	16-410	Deddi	15-410	107,1	<b>125,7</b>	105,9	<b>112,9</b>	19,4	10,5	6,7	28,9	3,0	17,7	127,1
Hvammur, Lóni	Olli	16-446	Dreki	13-953	109,5	<b>125,7</b>	95,0	<b>110,0</b>	17,3	9,8	6,4	25,9	2,6	17,2	144,5
Stóru-Hámundarstaðir, Árskógsströnd	Svartur	17-603	Malli	12-960	99,7	<b>125,3</b>	101,6	<b>108,9</b>	15,9	10,1	5,4	28,3	2,0	17,2	139,3
Tunga, Gönguskörðum	Laufi	17-112	Börkur	13-952	101,2	<b>125,0</b>	117,4	<b>114,6</b>	17,3	10,2	6,5	28,6	2,8	17,5	134,3

## Borgarfjarðarsýsla

### Skarð, Lundarreykjadal

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Kraki	17-163	Dreki	13-953	106,5	116,9	93,8	<b>105,7</b>	16,2	10,1	4,8	26,4	1,5	17,1	121,1
Satan	16-161	Kölski	10-920	102,4	108,4	102,1	<b>104,3</b>	15,7	10,0	5,3	27,3	1,6	17,1	120,8
Tobbi	17-162	Tinni	15-968	100,6	96,4	114,9	<b>104,0</b>	15,5	9,2	5,2	27,8	1,6	17,3	120,8
Lúsifer	17-165	Satan	16-161	96,6	94,8	105,9	<b>99,1</b>	15,1	8,7	4,8	27,3	1,4	17,1	120,5
Ram	17-164	Bekri	12-911	94,1	82,8	80,7	<b>85,8</b>	14,7	8,7	5,5	25,9	1,5	16,9	119,5
							<b>Meðalta</b>	<b>15,4</b>	<b>9,3</b>	<b>5,1</b>	<b>27,0</b>	<b>1,5</b>	<b>17,1</b>	<b>120,5</b>

Hér stendur efstur Kraki 17-163 einn af sonum Dreka 13-953 frá Hriflu. Kraki er að skila þyngstu sláturlömbunum sem jafnframt eru best gerð en um leið ákaflega fitulítill. Móðurfaðir Kraka er Prúður 11-896 frá Ytri-Skógum. Næstur Kraka í heildareinkunn er Satan 16-161 undan Kölska 10-920 frá Svínafelli en Satan stóð efstur í afkvæmarannsókninni hér 2017. Móðurfaðir Satans er Þorsti 11-910 frá Múlakoti. Tobbi 17-162 sonur Tinna 15-968 frá Ytri-skógum kemur best út úr mati á lifandi lömbum en þeir yfirburðir endurspeglast ekki í sláturlambahópnum. Móðurfaðir Tobba er Guffi 08-869 frá Garði. Rétt er að vekja athygli á hve ung sláturlömbin eru í þessari rannsókn.

## Mýrasýsla

### Brúarland, Mýrum

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Blakkur	17-042	Tinni	15-968	94,7	120,6	112,7	<b>109,3</b>	16,5	9,9	5,7	28,0	2,4	17,4	145,5
Askur	17-040	Burkni	13-951	98,4	97,2	122,9	<b>106,2</b>	16,9	9,4	6,0	29,8	2,9	17,5	143,5
Tómas	17-038	Plútó	14-973	106,6	102,1	86,9	<b>98,5</b>	17,8	9,6	5,9	28,0	3,3	17,3	153,5
Móri	16-035	Fjalldrap	15-805	93,9	101,3	89,7	<b>95,0</b>	16,4	9,4	5,9	27,9	3,1	17,2	150,9
Grákollur	17-041	Ebiti	13-971	106,6	84,1	78,7	<b>89,8</b>	17,5	9,4	6,4	27,7	3,4	17,1	151,1
							<b>Meðalta</b>	17,0	9,5	6,0	28,2	2,9	17,3	148,4

Blakkur 17-042 sonur Tinna 15-968 frá Ytri-Skógum stendur hér efstur í heildina. Hann er að skila afgerandi bestri flokkun sláturlamba en fallþungi þeirra er nokkuð undir meðaltali. Hann sýnir ekki sömu yfirburði í mati á lifandi lömbum en þau koma samt vel út líka. Í þriðja ættlið hjá móður Blakks má sjá þá Hæng 98-848 frá Nýpugörðum og At 06-806 frá Hafrafellstungu. Askur 17-040 sonur Burkna 13-951 frá Mýrum er að skila afgerandi bestu mati á lifandi lömbum og þá einkum hvað þykkt bakvöðvans varðar. Móðurfaðir hans er Kjarni 13-927 frá Brúnastöðum.

### Gilsbakki, Hvítársíðu

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Garpur	17-353	Burkni	13-951	101,3	112,5	132,2	<b>115,3</b>	17,8	10,9	6,6	29,4	3,3	18,0	129,0
Gils	16-444	Svimi	14-956	108	114,2	116,1	<b>112,7</b>	18,2	10,8	6,6	28,7	3,4	17,8	124,0
Grandi	16-382	Kaldi	12-950	100,1	117,7	118,3	<b>112,0</b>	17,7	10,4	6,0	27,7	2,6	17,6	122,4
Áll	17-351	Hringur	14-108	114,3	124,8	83,6	<b>107,6</b>	19,0	11,0	6,3	27,3	3,5	17,5	126,6
Kaktus	17-356	Burkni	13-951	101,6	107,7	105,4	<b>104,9</b>	17,8	10,8	6,7	27,6	3,0	17,5	128,4
Hnoðri	17-354	Óðinn	15-992	103	82,7	125,3	<b>103,7</b>	17,9	10,2	7,2	29,2	3,4	17,8	123,5
Erpur	17-687	Burkni	13-951	95,2	90,9	120,1	<b>102,1</b>	17,2	9,4	6,1	28,1	3,1	17,8	127,4
Sópur	17-359	Kústur	14-965	102,7	96,0	99,8	<b>99,5</b>	17,9	10,6	7,1	28,6	3,6	17,3	127,1
Runi	17-358	Njörður	15-991	95,9	92,4	102,4	<b>96,9</b>	17,2	9,2	5,9	27,6	3,4	17,8	122,0
Stingur	16-385	Börkur	13-952	103,4	112,3	73,2	<b>96,3</b>	17,9	10,5	6,4	25,8	3,1	17,4	124,2
Prúður	17-357	Dreki	13-953	104,5	92,0	88,2	<b>94,9</b>	18,1	10,2	6,8	27,4	3,8	17,8	132,9
Köttur	15-375	Bekri	12-911	87	89,2	106,0	<b>94,1</b>	16,7	10,1	6,8	28,4	3,8	17,8	124,6
Hrani	17-355	Bekri	12-911	88,4	100,2	87,6	<b>92,1</b>	16,6	9,8	6,1	26,5	3,1	17,4	133,4
Sporður	16-384	Uggi	15-379	95,4	85,4	94,7	<b>91,8</b>	17,3	10,3	7,1	28,0	3,6	17,4	123,7
Melur	15-376	Sproti	12-936	110,9	88,9	75,4	<b>91,7</b>	18,6	10,5	7,2	25,9	3,1	17,4	130,3
Vöndur	17-360	Kústur	14-965	89,6	93,3	74,0	<b>85,6</b>	16,8	9,8	6,4	26,2	3,5	17,4	126,6
							<b>Meðalta</b>	17,7	10,3	6,6	27,6	3,3	17,6	126,3

Hér er að vanda nokkuð umfangsmikil rannsókn og bæði hyrndir og kollóttir hrútar. Efstur stendur Garpur 17-353 sonur Burkna 13-951 frá Mýrum. Yfirburðina sækir hann að stórum hluta í mat á lifandi lömbum þar sem lömb hans mælast með þykkastan bakvöðva ásamt því

að stigast prýðilega. Þetta endurspeglast í mat á sláturlömbunum þar sem þetta er einn sterkasti hópurinn. Móðir Garps er sonardóttir Hvels 05-969 frá Borgarfelli. Gils 16-444 er frá Rauðanesi 3 en var lánaður að Gilsbakka í þessa rannsókn. Hann er þó kominn á slóðir móður sinnar þar sem hún var keypt frá Gilsbakka sem lamb. Gils er undan Svima 14-956 frá Ytri-Skógum. Skammt að baki Pulu móður Gils er stöðvahrútarnir Gotti 05-804 frá Bergstöðum og Raftur 05-966 frá Hesti. Gils var að skila glæsilegum lömbum heima í Rauðanesi 3 og gerir það einnig hér, sýnir allnokkra og jafna yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar. Grandi 16-382 sonur Kalda 12-950 frá Oddstöðum skilar eindregnu fituleysi til afkvæma sinna en jafnframt góðri gerð. MFF Granda er Raftur 05-966 frá Hesti. Einn athygliverðasti hrúturinn í þessari rannsókn er kollóttur, Áll 17-351 sonur Hrings 14-108 Baugssonar 10-889 frá Efstu-Grund. Hringur var frá Hægindi í Reykholtssdal en tók þátt í afkvæmarannsókn hér á vegum stöðvanna 2017. Áll er hér að skila bestu gerðinni í kjötmatinu, mesta fallþunganum en jafnframt er fita undir meðaltali á þessum lömbum. Hér virðist því fram kominn hörku lambafaðir og skammt að baki móður Áls eru stöðvahrútarnir Dalur 09-861 frá Hjarðarfelli og Kjói 04-816 frá Sauðadalsá sem báðir skiluðu mjólkurlagnum dætrum.

## Höll, Þverárhlið

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ. Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur	
	17-237	Toppur	13-964	110,0	109,2	110,5	<b>109,9</b>	19,0	10,4	6,8	30,1	2,7	17,5	147,6
	17-240	Ebiti	13-971	101,9	115,4	108,5	<b>108,6</b>	18,2	10,0	6,2	29,6	2,7	17,7	147,3
	16-234	Kraftur	11-947	93,1	116,2	113,9	<b>107,7</b>	17,5	10,1	6,5	29,1	2,3	17,5	138,2
	17-235		16-232	98,0	100,4	116,4	<b>104,9</b>	17,8	9,8	6,7	29,5	2,4	17,5	146,4
	17-233	Kjarni	13-927	100,6	112,5	96,6	<b>103,2</b>	18,0	10,3	6,7	29,5	3,0	17,4	145,4
	17-234	Dreki	13-953	104,9	93,4	96,8	<b>98,3</b>	18,4	10,2	7,3	28,5	2,3	17,3	143,9
	17-239	Plútó	14-973	93,9	93,1	106,8	<b>98,0</b>	17,4	9,8	7,0	29,8	2,9	17,7	148,0
	16-237	Höfðingi	10-919	98,3	85,1	89,9	<b>91,1</b>	17,9	9,4	6,8	28,6	2,6	17,3	152,0
	16-231	Serkur	13-941	103,3	74,5	64,4	<b>80,7</b>	18,3	9,0	6,8	27,1	2,5	17,1	138,7
							<b>Meðalta</b>	18,0	9,9	6,7	29,0	2,6	17,4	145,1

Efstur stendur 17-237 sonur Topps 13-964 frá Kaldbak, með jafna yfirburði í öllu þáttum og því greinilega öflugur lambafaðir. Móðurfaðir hans er Þorsti 11-910 frá Múlakoti. Næstur kemur kollóttur hrútur sonur Ebita 13-971 frá Melum 1. Hér er athygliverður kollur á ferð sem er að skila bæði þykkum bakvöðva og prýðilegri flokkun sláturlamba. Móðurfaðir hans er Strengur 09-891 frá Árbæ en móðurmóðurfaðir Dalur 09-861 frá Hjarðarfelli. Sonur Krafts 11-947 frá Hagalandi, hrútur nr. 16-234 kemur vel út úr mati lifandi lamba og sláturlamba en fallþungi er þarna nokkuð undir meðaltali. Móðurfaðir hans er Grábotni 06-833 frá Vogum 2.

## Sámsstaðir, Hvítársíðu

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Rokkur AÓ	17-286	Borkó	11-946	108,6	120,0	118,8	<b>115,8</b>	17,2	10,6	6,0	29,5	3,1	17,4	142,7
Búri	17-278	Kjarni	13-927	90,8	121,2	126,5	<b>112,8</b>	15,3	10,0	5,6	29,2	3,0	17,6	129,9
Nagli	17-285	Kjarni	13-927	108,9	100,7	124,9	<b>111,5</b>	17,1	10,1	6,5	29,3	3,0	17,6	138,6
Buski	16-273	Börkur	13-952	100,4	116,9	109,4	<b>108,9</b>	16,3	10,1	6,0	28,5	3,3	17,5	135,3
Klængur	17-283	Borkó	11-946	96,5	108,9	107,7	<b>104,4</b>	15,9	9,3	5,4	28,0	3,0	17,6	142,2
Bústólpi AÓ	17-279	Stólpi	13-963	105,9	92,7	100,2	<b>99,6</b>	16,7	9,4	6,1	28,1	3,0	17,2	140,2
Gunnólfur	16-274	Kaldi	12-950	97,3	102,2	99,5	<b>99,6</b>	16,0	9,3	5,8	28,4	3,3	17,4	133,8
Höfði	17-281	Dreki	13-953	100,5	88,5	63,7	<b>84,2</b>	16,3	9,2	6,0	26,5	3,5	17,2	134,8
Loftur GÓ	17-284	Bekri	12-911	93,8	69,9	58,6	<b>74,1</b>	15,8	8,8	6,4	25,9	3,4	17,1	138,3
							<b>Meðalta</b>	16,2	9,5	6,0	28,1	3,2	17,4	137,1

Efstur í heildareinkunn er Rokkur AÓ 17-286 undan Borkó 11-946 frá Bæ og sýnir hann góða yfirburði í öllum þáttum rannsóknarinnar. Kveikur 05-965 frá Hesti og Grábotni 06-833 Vogum 2 standa skammt að baki móður Rokks en hér er greinilega kominn fram öflugur lambafaðir. Tveir synir Kjarna 13-927 koma næstir og eru nokkuð jafnir í heildareinkunn þó niðurstöðurnar séu nokkuð ólíkar hjá þeim. Búri 17-278 fær góðan vitnisburð bæði fyrir lifandi lömb og sláturlömb en skilar léttasta sláturlambahópnum. Nagli 17-285 skilar vel gerðum sláturlömbum í vænni kantinum en þau eru jafnframt feitasti sláturlambahópurinn sem dregur niður kjötmatshlutann hjá honum. Þeir Púki 06-807 frá Bergstöðum og Kostur 09-851 frá Ytri-Skógum standa skammt að baki Búra en MFF Nagla er Grábotni 06-833 frá Vogum 2. Buski 16-273 sonur Barkar 13-952 frá Efri-Fitjum kom nokkuð vel út í afkvæmarannsókninni hér í fyrra og staðfestir það betur nú að hann er ágætur lambafaðir.

## Þorgautsstaðir 2, Hvítársíðu

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Óliver	17-164	Tinni	15-968	109,1	120,4	132,5	<b>120,7</b>	16,8	10,4	6,4	28,5	2,4	17,7	136,6
Kondór	16-162	Kornelíu	10-945	94,7	115,8	116,0	<b>108,8</b>	15,4	9,3	5,4	28,4	2,6	17,2	126,0
Jafni	17-163	Burkni	13-951	100,2	100,3	101,5	<b>100,7</b>	15,9	9,5	6,3	27,4	2,6	17,0	135,0
Laki	17-165	Jökull	15-156	94,7	84,1	120,8	<b>99,9</b>	15,3	8,9	6,4	28,6	2,9	17,3	136,1
Lurkur	16-159	Serkur	13-941	102,4	92,1	69,5	<b>88,0</b>	16,1	8,5	5,6	25,6	2,7	17,1	129,1
Stampur	17-166	Brúsi	12-970	97,5	86,6	67,4	<b>83,9</b>	15,6	8,1	5,5	25,2	2,6	16,9	131,1
							<b>Meðalta</b>	15,9	9,1	5,9	27,2	2,6	17,2	132,2

Hér eru í samanburði bæði hyrndir og kollóttir hrútar og afkvæmi kollóttu hrútanna á dálítið öðrum stað hvað gerð og þykkt bakvöðva varðar. Óliver 17-164 undan Tinna 15-968 frá Ytri-Skógum er afgerandi bestur þessara hrúta. Skilar vænum og vel gerðum sláturlömbum eins og mat á lifandi lömbum gaf fyrirheit um. Móðurfaðir hans er Freyr 11-181 sem er faðir Njarðar 15-991 frá Gilsbakka. Næstur í heildareinkunn er Kondór 16-162 sonur Kornelíusar 10-945 frá Stóru-Tjörnum og móðurfaðir hans er Prófastur 06-864 frá Dýrastöðum.

## Dalasysla

### Geirmundarstaðir, Skarðsströnd

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ. Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur	
Frami	17-519	Dreki	13-953	117,3	93,1	111,0	<b>107,1</b>	19,4	10,4	7,3	30,4	2,2	17,7	144,5
Sendill	17-517	Dreki	13-953	103,3	112,2	102,4	<b>106,0</b>	18,5	9,9	6,3	30,3	2,3	17,6	148,3
Flygill	17-520	Mjaldur	15-467	110,7	91,3	110,9	<b>104,3</b>	19,0	9,7	6,8	30,8	2,6	17,6	144,0
Hólmi	16-513	Kopar	13-551	89,1	101,7	119,2	<b>103,4</b>	17,6	9,9	6,9	30,7	2,3	17,9	146,1
Gumi	17-515	Bekri	12-911	100,4	98,1	91,4	<b>96,6</b>	18,3	9,9	6,9	30,0	2,7	17,7	143,8
Gormur	17-518	Dreki	13-953	93,3	94,2	96,6	<b>94,7</b>	17,7	9,1	6,3	30,1	2,5	17,5	151,1
Spakur	16-514	Hnokki	15-203	98,5	105,1	77,0	<b>93,5</b>	18,1	10,5	7,3	28,8	2,9	17,5	145,0
Rumur	17-521	Dreki	13-953	91,3	101,1	83,2	<b>91,9</b>	17,5	9,8	6,8	28,9	2,9	17,7	152,0
							<b>Meðalta</b>	18,2	10,0	6,9	30,1	2,5	17,6	146,3

Efstur í heildina að þessu sinni er Frami 17-519 sem er sonur Dreka 13-953 frá Hriflu. Frami er að skila mjög vænum lömbum sem jafnframt eru prýðilega gerð en fita er dálítið yfir meðaltali rannsóknarinnar sem dregur niður kjötmatsþáttinn. Móðurfaðir Frami er Hængur 10-903 sem héðan var fenginn á stöð og MMF Púki 06-807 frá Bergstöðum. Fast á hæla Frami í heildareinkunn kemur hálfbróðir hans að föðurnum, Sendill 17-517 en niðurstöður þeirra eru þó nokkuð ólíkar. Afkvæmi Sendils eru mjög fitulítill miða við fallþungann en gerðin jafnframt góð og fallþungi í góðu lagi. Móðurfaðir Sendils er Einir 11-539 sem var sonur Borða 08-838 frá Hesti. Hólmi 16-513 á þarna glæsilegasta lambahópinn þegar horft er til mats á lifandi lömbum en þeir yfirburðir endurspeglast ekki í kjötmati né fallþunga. Hólmi er sonur Kopars 13-551 sem var sonur Einis 11-539 og Hólmi er síðan sammæðra Frami 17-519 sem stendur efstur í ár.

### Gillastaðir, Laxárdal

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ. Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur	
Ýmir	17-193	Ylur	14-522	91,9	101,5	134,8	<b>109,4</b>	16,7	9,3	6,1	33,0	2,3	18,0	134,9
Mjólkurbrúsi	17-199	Brúsi	12-970	116,8	105,8	103,9	<b>108,8</b>	18,9	10,6	7,1	30,1	2,3	18,1	133,4
Jökull	17-191	Lómi	15-511	89,0	122,4	106,0	<b>105,8</b>	16,4	9,5	5,5	30,5	2,2	17,8	132,3
Barri	16-187	Burkni	13-951	90,7	111,1	113,8	<b>105,2</b>	16,6	9,4	5,8	31,8	2,1	17,4	135,6
Mjaldur	16-194	Magni	13-944	98,2	121,1	94,2	<b>104,5</b>	17,2	10,0	6,0	30,1	2,2	17,6	138,8
Fagridalur	16-183	Börkur	13-952	102,7	90,0	120,5	<b>104,4</b>	17,6	9,6	6,8	32,2	2,4	17,7	139,1
Stóll	16-181	Bliki	14-290	103,1	111,0	95,9	<b>103,3</b>	17,6	9,5	5,9	29,7	2,3	17,9	136,1
Gáski	14-185	Grámanr	10-884	113,3	87,2	108,0	<b>102,8</b>	18,4	9,7	6,9	30,7	2,0	17,7	134,8
Jón Stef	16-180	Barði	15-075	108,4	95,9	100,6	<b>101,6</b>	18,0	9,8	6,7	30,5	2,3	17,6	136,6
16-199 Karri	16-198	Koggi	15-197	107,2	104,6	92,5	<b>101,4</b>	18,0	10,0	6,6	30,8	3,0	17,8	133,7
Lúlli	16-020	Máni	15-020	98,7	91,6	99,1	<b>96,4</b>	17,2	9,2	6,4	30,7	2,1	17,5	139,2
Soldán	16-185	Spotti	13-942	99,2	103,2	83,8	<b>95,4</b>	17,3	9,5	6,2	29,0	2,4	17,8	137,1
Svavar	17-189	Baukur	15-005	110,4	72,2	88,4	<b>90,3</b>	18,3	9,4	7,2	30,0	2,4	17,6	144,5
Skandall	16-190	Serkur	13-941	96,0	98,5	74,1	<b>89,5</b>	17,0	9,5	6,4	29,7	2,8	17,6	137,9
	16-188	Serkur	13-941	77,2	80,4	88,1	<b>81,9</b>	15,5	8,4	6,0	29,3	2,1	17,6	135,2
							<b>Meðalta</b>	17,4	9,6	6,3	30,5	2,3	17,7	136,5



Í þessari stóru rannsókn er enginn mjög afgerandi toppur í hrútahópnum þegar horft er til heildareinkunnar. Ýmir 17-193 stendur efstur í heildareinkunn en sækir þá yfirburði eingöngu í glæsilegt mat á lifandi lömbum. Afkvæmi hans mælast með afgerandi þykkastan bakvöðva og stigast gríðarlega vel fyrir læri. Þessir yfirburðir koma þó alls ekki fram í kjötmatshlutanum þó ásetningslömbin séu aðeins tvö. Ýmir er sonur Yls 14-522 frá Hróðnýjarstöðum sem hér stóð efstur í fyrra. Steri 07-855 frá Árbæ er MFF. Mjólkurbrúsi 17-199 sonur Brúsa 12-970 frá Kollsa á best gerða og vænsta sláturlambahópinn sem jafnframt er einna feitasti hópurinn. Mjaldur 16-194 sem er sonur Magna 13-944 frá Heydalsá er að skila fallþunga nærri meðallagi og mjög hagstæðri flokkun slátulamba.

## Klifmýri, Skarðsströnd

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Safi	17-403	Dreki	13-953	103,7	131,0	131,7	<b>122,1</b>	17,9	10,4	6,1	30,3	2,4	17,7	151,8
Angi	15-802	Tangi	13-422	109,5	111,8	117,7	<b>113,0</b>	18,3	10,1	6,4	29,7	2,4	17,5	147,4
Flói	17-412	Burkni	13-951	105,2	123,7	105,3	<b>111,4</b>	18,0	10,0	5,8	29,2	2,5	17,5	152,3
Spúnn	17-416	Lax	16-464	105,3	112,3	105,2	<b>107,6</b>	18,1	9,7	5,9	29,6	2,4	17,4	155,9
Tarfur	17-417	Uxi	15-439	92,4	115,4	103,6	<b>103,8</b>	17,0	9,5	5,8	29,5	2,6	17,5	157,8
Græðir	17-410	Kjarni	13-927	93,9	105,5	110,6	<b>103,3</b>	17,1	9,9	6,5	29,9	2,3	17,4	153,9
Veggur	16-463	Korkur	14-425	101,8	112,4	93,3	<b>102,5</b>	17,7	10,2	6,5	29,0	2,5	17,3	147,4
Miði	16-455	Hrauni	12-948	100,6	94,8	109,8	<b>101,7</b>	17,7	9,9	6,8	30,1	2,7	17,4	149,1
Fjörður	17-411	Burkni	13-951	99,5	82,1	121,6	<b>101,0</b>	17,6	9,3	6,6	31,1	3,1	17,8	157,0
Púki	16-453	Kölski	10-920	97,7	107,3	93,8	<b>99,6</b>	17,5	9,5	6,1	28,5	2,4	17,5	155,7
Kafli	17-406	Bekri	12-911	104,2	90,0	96,9	<b>97,1</b>	17,9	10,0	7,0	28,8	2,4	17,4	154,2
Sópur	17-408	Kústur	14-965	106,1	90,8	92,7	<b>96,6</b>	18,1	9,8	6,8	29,1	2,8	17,2	151,0
Vagn	17-414	Borði	15-437	88,7	103,9	88,8	<b>93,8</b>	16,7	9,5	6,3	29,1	3,4	17,5	153,8
Grámi	16-461	Skalli	14-435	103,1	90,1	85,9	<b>93,0</b>	17,9	9,6	6,7	28,3	2,4	17,3	142,6
Viti	16-456	Kölski	10-920	93,9	94,3	87,6	<b>91,9</b>	17,3	9,5	6,5	29,0	2,7	17,2	152,4
Skriðdreki	17-413	Dreki	13-953	104,1	89,6	70,6	<b>88,1</b>	17,9	8,3	5,4	27,5	2,2	17,0	149,0
Hvalur	17-402	Jónas	12-949	90,9	54,7	77,0	<b>74,2</b>	17,0	8,4	6,7	28,4	3,2	17,4	151,2
							<b>Meðalta</b>	17,6	9,6	6,4	29,2	2,6	17,4	151,5

Safi 17-403 sonur Dreka 13-953 frá Hriflu stendur hér nokkuð afgerandi efstur. Hann sýnir skýra og jafna yfirburði bæði í mati á lifandi lömbum og í kjötmatshlutanum og fallþungi er vel yfir meðaltali. Móðir Safa er sonardóttir Laufa 08-848 frá Bergsstöðum. Þessi efnilegi lambafaðir drapst því miður sl. vetur. Næstur í heildareinkunn er Angi 15-802 sem kominn er til notkunar á stöðvunum og vísað til hrútaskrárinnar hvað ættir hans varðar. Angi átti þarna vænsta sláturlambahópinn sem flokkaðist afbragsvel og mat á lifandi lömbum var jafnframt prýðilegt. Flói 17-412 sem er sonur Burkna 13-951 frá Mýrum á þarna mjög athygliverðan sláturlambahóp en móðurfaðir hans er Kári 10-904 frá Ásgarði. Annar sonur Burkna 13-951 Fjörður 17-411 á þarna einn glæsilegasta hóp lifandi lamba en mat á sláturlömbum endurspeglar það ekki.

## Skerðingsstaðir, Hvammssveit

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Toppur	15-231	Saumur	12-915	112,5	111,3	134,4	<b>119,4</b>	18,4	10,3	6,3	32,7	2,6	17,9	133,4
Steinríkur	16-242	Toppur	15-231	100,6	115,5	136,4	<b>117,5</b>	17,2	10,8	6,7	33,0	2,9	17,9	139,3
Sjóðríkur	16-243	Strokkur	15-234	101,9	114,9	99,9	<b>105,6</b>	17,3	9,4	5,4	30,1	2,6	17,7	138,4
Ástríkur	17-246	Steinríkur	16-242	105,7	112,7	98,2	<b>105,5</b>	17,6	10,4	6,5	29,8	2,8	17,8	135,4
Skjálfti	17-250	Dreki	13-953	103,1	103,0	102,7	<b>102,9</b>	17,4	9,4	5,9	30,8	2,9	17,5	138,4
Bríó	17-248	Sjóðríkur	16-243	89,2	115,8	89,6	<b>98,2</b>	16,3	9,2	5,4	29,6	2,7	17,4	137,1
Gæðingur	17-247	Toppur	15-231	100,5	76,9	107,6	<b>95,0</b>	17,2	9,4	6,9	30,7	2,8	17,9	131,8
Thule	17-251	Toppur	13-964	94,0	95,8	94,9	<b>94,9</b>	16,6	9,0	5,9	30,3	2,8	17,4	133,7
Jökull	17-245	Fans	13-246	80,8	98,8	98,5	<b>92,7</b>	15,5	8,9	5,8	30,7	3,0	17,5	127,9
Egils Gull	17-253	Síríus	16-468	115,2	66,9	45,2	<b>75,8</b>	18,4	9,0	6,7	27,7	3,2	17,3	141,4
							<b>Meðalta</b>	17,1	9,5	6,1	30,5	2,8	17,6	135,6

Hér standa veturgömlu hrútarnir í skugga sér eldri snillinga. Efstur stendur Toppur 15-231 sem er sonur Saums 12-915 frá Ytri-Skógum og móðurfaðir hans er Hriflon 07-837 frá Hriflu. Toppur stóð efstur í afkvæmarannsókn hér 2016 og hefur síðan sannað æ betur að hann er prýðilegur lambafaðir. Sonur hans Steinríkur 16-242 kemur fast á hæla honum í heildareinkunn. Afkvæmi þeirra feðga koma afgerandi best út úr mati á lifandi lömbum sem endurspeglast vel í góðri gerð sláturlamba en fita á þessum lömbum er aðeins yfir meðaltali. Steinríkur er því miður dauður en hann virðist hafa verið mjög sterkur kynbótahrútur hvað gerð sláturlamba varðar. Ástríkur 17-246 sonur hans virðist líklegur til að halda uppi merki föður síns og stendur næstur honum hvað gerð sláturlamba varðar. Móðurfaðir Ástríks er Gaur 09-879 frá Bergstöðum. Þessir langfeðgar standa verulega upp úr hrútaþópnum hér þegar horft er til gerðar sláturlambanna.

## Skörð, Miðdölum

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
	16-058	Óðinn	15-992	113,3	99,9	121,2	<b>111,5</b>	17,7	9,8	6,6	31,0	2,9	17,7	143,2
	17-058	Óðinn	15-992	100,9	102,5	121,8	<b>108,4</b>	16,9	9,6	6,3	31,0	2,5	17,6	140,2
	17-054	Tinni	15-968	97,6	104,1	121,0	<b>107,6</b>	16,7	9,5	6,1	31,2	2,6	17,7	134,4
	17-057	Óðinn	15-992	89,5	107,5	110,7	<b>102,6</b>	16,2	9,1	5,7	30,4	2,6	17,7	134,9
	17-060	Jarl	16-763	108,6	86,6	106,7	<b>100,6</b>	17,7	9,2	6,6	30,5	2,8	17,5	137,7
	17-056	Bikar	14-015	96,8	96,3	107,0	<b>100,0</b>	16,6	8,9	5,9	30,7	2,5	17,4	134,3
	17-052	Bekri	12-911	103,8	115,3	79,6	<b>99,6</b>	17,2	9,8	6,0	28,4	2,8	17,5	136,9
	17-051	Borkó	11-946	91,1	89,0	99,0	<b>93,0</b>	16,0	8,7	5,9	29,4	2,3	17,4	131,8
	16-051	Jesper	14-082	97,5	97,2	76,9	<b>90,5</b>	16,7	9,3	6,1	28,3	2,5	17,5	132,6
	17-055	Bikar	14-015	103,1	103,8	62,3	<b>89,7</b>	17,2	9,5	6,1	27,1	2,6	17,4	139,0
Meistari	16-140	Örvar	11-134	89,4	93,2	58,6	<b>80,4</b>	16,1	8,5	5,5	28,3	2,9	17,3	135,0
							<b>Meðalta</b>	16,9	9,3	6,1	30,0	2,7	17,6	137,3

Þrjú hrútar eiga hér afgerandi glæsilega hópa í mati á lifandi lömbum. Tveir þeirra eru synir Óðins 15-992 sem héðan var fenginn sem kynbótahrútur á stöðvarnar og einn er sonur Tinna 15-968 frá Ytri-Skógum. Óðinssonurinn 16-058 er efstur í heildareinkunn af þessum þremmenningum. Hann er jafnframt að skila talsverðum yfirburðum í vænleika sláturlamba en kjötmatseinkunn er á meðaltali rannsóknarinnar því þó gerð sláturlambanna sé ein sú besta

dregur fitan niður. 16-058 fórst að slysförum nú í haust en móðurfaðir hans var Borði 08-838 frá Hesti. Hinn Óðinssonurinn 17-058 fær einkunnir sem liggja nærri meðaltali rannsóknarinnar nema fyrir mat á lifandi lömbum eins og fyrr segir frá. Móðurfaðir hans er Tenór 08-873 frá Geirmundarstöðum. Tinnasonurinn 17-054 á sláturlambahóp sem liggur aðeins undir meðaltali í vænleika en flokkun lambanna er ljómandi góð. Þessi hrútur er dóttursonur Þrists 08-872 frá Steinum og hefur fengið Þokugenið í arf frá honum. Loks má nefna 17-052 sem er sonur Bekra 12-911 frá Hesti en þessi hrútur er að skila mjög hagstæðu mati slátulamba sem jafnframt eru vel yfir meðaltali í vænleika. Móðurfaðir hans er Snær 07-867 frá Ingjaldsstöðum

## Snæfells- og Hnappadalssýsla

### Bjarnarhöfn, Snæfellsnesi

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ. Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur	
Blakkur	17-023	Svartur	15-006	100,8	105,6	106,6	<b>104,3</b>	18,5	10,1	6,4	28,9	3,7	17,4	139,9
Skjöldur	17-702	Partur	12-400	92,8	89,0	130,2	<b>104,0</b>	17,8	9,5	6,4	29,4	2,9	17,3	138,2
Brimill	17-022	Kópur	15-440	102,1	95,3	107,5	<b>101,6</b>	18,6	10,5	7,2	27,7	3,2	17,6	141,8
Toppur	16-014	Kubbur	15-001	103,0	121,2	70,3	<b>98,2</b>	18,6	10,3	6,1	26,9	4,1	17,2	144,8
Svartur	15-006	Flekkur	14-063	108,3	94,1	83,0	<b>95,2</b>	19,0	10,2	6,9	26,4	3,3	17,3	144,4
Mjaldur	17-601	Steðji	16-601	90,8	94,1	94,5	<b>93,1</b>	17,6	9,7	6,5	28,1	3,8	17,5	140,6
							<b>Meðalta</b>	18,4	10,1	6,6	27,9	3,4	17,4	141,8

Ekki eru mikil frávik milli hrúta í þessari rannsókn en Blakkur 17-023 kemur þó jafnbest út og raðast í fyrsta sætið. Hann er svartur eins og nærri má geta út frá nafninu. Faðir hans er Svartur 15-006 og mf. er Hamar 13-501 sem fjárræktarfélagið keypti frá Smáhömrum í Strandasýslu. Í öðru sæti er Skjöldur 17-702 en hann gaf þykkasta bakvöðvann og minnsta bakfitu allra hrútanna og er því lang efstur í einkunn fyrir líflambahlutann. Skjöldur er frá Hömrum í Grundarfirði (frá Bárði og Dóru) og vann sér til frægðar að vera valinn besti lambhrúturinn á Snæfellsnesi haustið 2017.

### Haukatunga - Syðri 2, Snæfellsnesi

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ. Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur	
Broddi	17-526	Ás	16-085	116,4	120,1	87,9	<b>108,1</b>	18,5	10,5	5,8	26,7	3,0	17,4	152,6
Kölski	16-521	Kúði	14-549	96,4	107,8	112,2	<b>105,5</b>	16,7	10,2	6,0	27,6	3,2	17,8	147,8
Ári	17-532	Moli	16-514	99,0	89,0	122,0	<b>103,3</b>	16,9	9,7	6,2	28,9	3,4	17,6	151,6
Negrill	17-344	Hermill	15-098	101,5	85,0	120,2	<b>102,2</b>	17,1	9,9	6,6	28,5	3,3	17,8	147,4
Kaldi	17-527	Vinur	14-966	97,3	111,3	96,8	<b>101,8</b>	16,8	10,2	5,9	26,2	2,9	17,7	148,1
Vafi	16-518	Kúði	14-549	93,1	123,9	80,9	<b>99,3</b>	16,5	10,9	6,2	25,9	3,2	17,8	150,1
Kokteill	17-342	Klettur	13-962	101,4	105,9	86,5	<b>97,9</b>	17,1	9,6	5,5	26,1	2,6	17,3	148,5
Runni	17-529	Bergur	13-961	90,9	74,2	108,3	<b>91,1</b>	16,4	9,0	6,0	27,5	3,0	17,6	148,3
Flagari	17-343	Askur	16-001	114,9	70,0	75,2	<b>86,7</b>	18,8	9,5	7,1	26,5	3,3	17,3	150,3
							<b>Meðalta</b>	17,0	10,0	6,1	27,1	3,1	17,6	149,3

Að þessu sinni skipar kollóttur hrútur efsta sætið hér á bæ þó niðurstöðutölur hjá honum séu nokkuð sveiflukenndar. Í samanburðinum er vænleiki lambanna frábær sem og gerð og fituhlutfall þeirra enda skorar Broddi hæst í fallþungaeinkunn fyrir sín sláturlömb og er í öðru sæti í gerðarflokkun fyrir þann hóp. Fyrir lifandi lömb nær hann ekki meðaltali fyrir bakvöðvaþykkt og lærastig. Þessi hrútur er aðkeyptur frá Broddanesi 1 í Strandasýslu en faðir hans er Ás 16-085 frá Heydalsá og ff. Fannar 14-972. Synir Kúða 14-549 hafa verið áberandi hér síðustu ár fyrir alhliða góðar niðurstöður í afkvæmarannsóknnum. Hinn svarti Kölski 16-521 heldur nú uppi merki þeirra með nokkuð jafngóðar niðurstöður í öðru sæti. Lærahold afkvæma hans eru áberandi góð eins og hjá hálfbróður hans Kúðasynum Vafa 16-518 sem gaf besta gerð sláturlamba. Kúði 14-549 var undan Salamon 10-906. Í þriðja sæti er Ári 17-532 en hann gaf þykkastan bakvöðva að meðaltali. Faðir hans er Moli 16-514 og ff. Garri 11-908.

## Hjarðarfell, Snæfellsnesi

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Raftur	15-795	Stólpi	13-963	102,0	112,5	121,1	<b>111,9</b>	17,9	10,1	6,2	30,5	3,1	17,7	148,1
Selur	17-695	Kópur	15-440	115,6	103,1	113,4	<b>110,7</b>	19,2	11,2	7,6	30,6	3,6	18,0	146,7
Sópur	17-699	Kústur	14-965	95,0	113,9	111,8	<b>106,9</b>	17,2	10,3	6,3	30,5	3,3	17,5	144,6
Klaufi	16-709	Moli	15-798	104,5	108,3	96,1	<b>103,0</b>	18,1	9,7	6,0	29,3	2,9	17,4	140,2
Vöðvi	17-694	Brúsi	12-970	105,6	101,1	88,9	<b>98,5</b>	18,2	9,8	6,4	28,5	3,1	17,7	151,6
Gosi	15-796	Bósi	08-901	96,8	83,7	114,7	<b>98,4</b>	17,4	9,3	6,6	30,2	2,7	17,6	146,0
Gaumur	15-797	Saumur	12-915	86,7	110,1	89,6	<b>95,5</b>	16,6	9,7	5,9	29,4	3,6	17,7	137,9
Hreinn	15-794	Straumur	12-781	96,7	82,1	103,9	<b>94,3</b>	17,4	9,2	6,5	29,6	2,9	17,7	141,4
Hrani	15-793	Hrauni	12-948	94,9	85,6	98,0	<b>92,8</b>	17,2	9,5	6,8	29,6	3,4	17,6	143,4
Vöttur	15-703	Höttur	09-887	109,0	96,8	68,6	<b>91,5</b>	18,5	9,6	6,3	27,6	3,4	17,5	149,2
Kúði	17-697	Klaufi	16-709	91,5	95,0	78,7	<b>88,4</b>	17,0	9,3	6,1	28,3	3,3	17,4	145,6
							<b>Meðalta</b>	17,7	9,8	6,4	29,6	3,2	17,6	144,7

Annað árið í röð skipar Raftur 15-795 efsta sætið hér á bæ og skilar mjög góðum niðurstöðum fyrir alla þætti rannsóknarinnar. Faðir þessa öfluga hrúts er Stólpi 13-963 og móðir 13-352 er undan Hrauna 12-948. Annar í röð er Selur 17-695 en hann er kollóttur og frá Hraunhálsi í Helgafellssveit. Faðir hans er Kópur 15-440 og móðir Auðlind 13-197. Mf. er Steri 07-855 frá Árbæ. Selur var eingöngu notaður á tvævetlur og gefur hér 1,5 kg yfir meðalfallþunga, bestu gerðina, þykkasta bakvöðvann og hæsta lærastigun hjá afkvæmum sínum. Fituflokkun og mæling dregur hann hinsvegar niður. Í þriðja sætinu er sá hrútur sem stóð efstur í kjötmatseinkunn afkvæma sinna en það er Sópur 17-699. Hann gaf einnig þykkann bakvöðva og eru þeir hrútar sem nefndir eru hér í sérflokkum fyrir þann eiginleika. Sópur er undan Kústi 14-965 og mff. er Hriflon 07-837 og mmf. Kveikur 05-965.

## Hraunsmúli, Snæfellsnesi

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Gyllir	17-554	Harðangur 4	15-553	105,0	123,9	146,7	<b>125,2</b>	16,1	9,6	5,2	29,5	2,3	17,4	140,9
Fífill 7054	17-552	Burkni	13-951	104,9	107,1	105,0	<b>105,6</b>	16,0	9,1	5,4	27,4	2,1	17,0	144,3
Drellir	17-556	Bjartur 6470	16-554	103,6	93,7	90,8	<b>96,0</b>	15,9	8,6	5,4	27,1	2,4	16,9	145,1
Salvar 6011	16-550	Salamon	10-906	101,1	86,1	95,7	<b>94,3</b>	15,7	8,9	6,1	27,2	2,2	16,9	145,9
Þremur 6058	16-552	Hrauni	12-948	94,2	102,9	77,3	<b>91,4</b>	15,2	8,9	5,5	25,8	2,2	16,7	145,2
Brynjur Nielsson	17-550	Dreki	13-953	90,7	97,2	68,8	<b>85,6</b>	14,9	8,3	5,2	25,4	2,4	16,8	145,5
							<b>Meðalta</b>	15,6	8,8	5,5	27,3	2,2	17,0	144,8

Afgerandi besta niðurstöðu sýnir Gyllir 17-554 og skilar hann fram úr fyrir nánast alla þætti rannsóknarinnar. Hann var í fimmta sæti allra hrúta í landinu í heildareinkunn út úr afkvæmarannsókn þetta haustið. Þessi eigulegi hrútur er undan Harðangri 4 (15-553) sem stóð efstur í afkvæmarannsókn hér í fyrra. Ff. er Saumur 12-915 og móðir Tína 15-087. Í ættartre Gyllis má m.a. sjá sæðingahrúтана Drífanda 11-895 og Snævar 10-875. Gyllir er svartfleckóttur. Næstur í röðinni er Fífill 17-552 sem skilar jöfnum og góðum niðurstöðum. Faðir hans er Burkni 13-951 og mf. Grámann 10-884.

## Jörfi, Snæfellsnesi

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Sveppur	16-720	Tangi	13-954	85,9	121,5	123,2	<b>110,2</b>	13,6	8,8	5,2	28,3	2,0	17,5	142,3
Lúði	17-728	Stútur	16-719	107,8	124,4	91,8	<b>108,0</b>	16,2	9,6	5,7	27,2	2,4	17,1	154,7
Hrússi	17-729	Svartur	14-737	106,1	97,2	113,0	<b>105,4</b>	16,0	8,7	5,2	28,1	1,9	17,2	156,2
Móri	14-738	Hængur	10-903	94,4	113,2	107,5	<b>105,0</b>	15,0	8,9	5,8	27,5	1,9	17,3	144,4
Mökkur	17-730	Móri	14-738	112,5	99,3	100,0	<b>103,9</b>	16,6	9,1	6,0	27,5	2,2	17,1	149,3
Ragnar	17-726	Jónas	12-949	99,8	112,0	94,1	<b>102,0</b>	15,4	9,1	5,7	27,0	2,4	17,3	145,2
Lalli	17-732	Botni	16-717	108,5	109,7	82,1	<b>100,1</b>	16,3	9,3	5,6	26,6	2,3	16,9	149,5
Grímur	16-721	Dreki	13-953	89,8	91,0	116,2	<b>99,0</b>	14,2	8,0	5,4	28,5	2,2	17,3	149,1
Skalli	15-702	Roði	10-897	96,6	97,4	98,1	<b>97,4</b>	15,2	8,5	5,3	27,4	2,1	17,2	150,4
Eimur	17-727	Kuðungur	15-713	98,0	77,3	106,3	<b>93,9</b>	15,3	8,2	5,8	28,5	2,1	17,1	154,9
Svartur	14-737	Salamon	10-906	92,8	89,4	96,4	<b>92,8</b>	14,8	8,2	5,4	26,8	1,8	17,1	145,3
Freddi	16-718	Börkur	13-952	103,8	99,8	74,7	<b>92,8</b>	15,8	8,9	6,0	27,2	2,9	16,8	150,0
Sómi	15-706	Tindur	14-742	100,5	83,8	93,3	<b>92,5</b>	15,5	8,5	6,1	27,8	2,6	17,2	150,7
							<b>Meðalta</b>	15,5	8,7	5,7	27,6	2,2	17,2	149,7

Hér raðast efstur Sveppur 16-720 en faðir hans er Tangi 13-954 og móðir Fríða 09-631 sem m.a. rekur ættir sínar til Kropps 15-993, Frosta 02-913 og Oturs 00-910. Þessi hrútur kemur best út úr líflambahlutanum enda bakvöðvabykkt með besta móti samhliða hóflegri fitu og lærahold afkvæmanna þau bestu. Því miður gefur Sveppur léttustu lömbin en hann var mest notaður á tvævetlur. Sveppur var í öðru sæti afkvæmarannsóknar árið 2017. Í öðru sæti og jafnframt því efsta í kjötmatshlutanum er Lúði 17-728 en hann gaf besta gerðarflokkun auk þess að gefa góðan vænleika lamba. Lúði er undan Stút 16-719 sem stóð efstur í rannsókninni 2017. Ff. hans er Hvati 13-926 og fmf. Kvistur 07-866.

## Barðastrandarsýsla

### Brjánslækur, Barðaströnd

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Asi	17-201	Ölver	16-246	110,6	108,9	136,1	<b>118,5</b>	20,3	11,1	7,1	30,8	3,6	17,3	143,7
Akkur	17-208	Ærinn	15-233	105,1	101,4	139,1	<b>115,2</b>	19,9	10,9	7,1	29,3	2,7	17,5	140,3
Appolló	17-202	Æsir	15-227	98,6	98,6	127,7	<b>108,3</b>	19,3	10,4	6,8	28,8	2,8	17,5	140,5
Ærlegur	15-231	Tryggur	11-239	93,8	104,3	126,4	<b>108,2</b>	18,9	10,3	6,4	31,0	3,7	17,4	135,7
Arður	17-205	Þráður	14-215	118,3	105,3	97,4	<b>107,0</b>	20,8	10,8	6,9	29,4	3,9	17,2	136,8
Ötull	16-239	Ærslabelgur	15-229	100,6	105,4	91,8	<b>99,3</b>	19,5	10,8	6,9	29,5	4,5	17,2	141,5
Ari	17-204	Örri	16-244	99,4	106,5	90,5	<b>98,8</b>	19,4	10,8	6,8	28,0	3,6	17,2	143,9
Alfreð	17-207	Æfón	15-235	110,9	105,0	79,6	<b>98,5</b>	20,2	10,9	7,0	27,4	3,4	17,1	139,1
Ölver	16-246	Þver	14-226	89,8	92,2	101,8	<b>94,6</b>	18,7	10,4	7,0	29,2	3,9	17,3	135,4
Özil	16-242	Þrándur	14-217	92,8	101,9	89,1	<b>94,6</b>	18,9	10,3	6,5	28,6	3,9	17,2	137,5
Aragon	17-206	Ögri	16-241	100,7	94,9	87,6	<b>94,4</b>	19,5	10,1	6,6	29,2	4,2	17,0	138,1
Æringi	15-232	Þráður	14-215	94,0	92,3	94,1	<b>93,5</b>	18,8	10,0	6,6	27,1	2,9	17,3	132,7
Þráður	14-215	Ullur	12-249	88,9	95,7	88,1	<b>90,9</b>	18,4	10,0	6,5	29,1	4,4	17,3	136,9
Aðall	17-203	Össur	16-243	89,9	100,6	76,1	<b>88,9</b>	18,6	10,2	6,5	26,6	3,0	17,0	134,7
Ödipus	16-247	Þrándur	14-217	107,9	81,3	72,6	<b>87,3</b>	20,2	10,6	7,8	28,3	4,6	17,2	143,8
							<b>Meðalta</b>	19,4	10,5	6,8	28,7	3,6	17,2	138,3

Asi 17-201 er hér í fyrsta sæti og skilar góðum niðurstöðum fyrir alla þætti rannsóknarinnar þar sem hann skilar m.a. bestri gerð sláturlamba, næst þykkustum bakvöðva og næst mestum þunga. Faðir Asa er Ölver 16-246 og ff. Þver 14-226 frá Bæ í Árneshreppi. Annar í röð er Akkur 17-208 sem skilar einnig jafngóðum niðurstöðum þó bakvöðvaþykkt sé aðeins minni í afkvæmahópnum. Lærahöld lambanna eru hinsvegar þau hæst stiguðu í félagi við næsta hrút. Faðir Akks er Ærinn 15-233 en mf. þess síðarnefnda er Safir 10-932. Móðir Akks er ær nr. 15-418 og f. og mf. hennar er Urgur 12-241 frá Árbæ. Appolló 17-202 sem er í þriðja sæti deilir síðan hæstri lærastigun afkvæmanna með Akki. Faðir Appólós er Æsir 15-227 og ff. Urgur 12-241 frá Árbæ. Móðir er Gilda 12-817 og mf. Tryggur 11-239. Ærlegur 15-231 sem er hér í fjórða sæti gefur síðan þykkastan bakvöðva í sínum lömbum. Faðir hans er Tryggur 11-239. Móðir er Dýrð 08-239 og mf. Oliver 07-244 frá Hafnardal.



## Grænahlíð, Arnarfirði

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Lárus	15-567	Gutti	12-030	84,1	142,5	145,3	<b>124,0</b>	16,7	10,5	6,3	32,1	3,0	17,8	137,1
Fróði	17-671	alur	16-529	93,9	115,4	130,2	<b>113,2</b>	17,2	9,9	6,5	31,2	2,7	17,7	131,2
Postuli	17-668	alur	16-529	94,3	121,3	123,5	<b>113,0</b>	17,3	10,8	7,2	30,8	3,0	17,9	129,4
whiský	15-563	Mjólnir	11-053	99,0	122,1	111,6	<b>110,9</b>	17,7	10,5	6,9	30,6	3,1	17,5	128,8
Lúsifer	17-666	Jón Viðar	15-562	102,7	107,5	122,7	<b>110,9</b>	18,0	10,1	7,1	31,2	3,1	17,6	129,5
Brattur	17-672	falur	16-530	101,7	114,9	109,6	<b>108,7</b>	17,9	10,0	6,7	30,7	3,4	17,7	136,0
Loki	15-571	Mjólki	12-558	105,9	94,6	123,3	<b>107,9</b>	18,3	9,8	7,2	31,1	2,9	17,6	128,9
Jón Viðar	15-562	Gutti	12-030	118,6	109,7	84,9	<b>104,4</b>	19,4	10,8	7,7	29,9	4,0	17,6	132,9
frakkur	16-537	Tígri	14-543	90,5	104,3	111,3	<b>102,0</b>	17,1	9,9	7,0	30,9	3,4	17,4	135,9
Tolli	14-549	Ernir	12-555	110,9	107,2	82,8	<b>100,3</b>	18,7	10,4	7,4	30,0	3,9	17,4	138,5
njóli	16-533	Steini	14-550	102,2	82,5	99,4	<b>94,7</b>	17,9	9,3	7,1	30,2	3,3	17,4	128,6
lakur	16-539	Kopar	15-558	93,6	87,7	101,0	<b>94,1</b>	17,2	10,0	7,7	31,0	3,9	17,5	139,7
jóli	16-535	Tanni	14-542	99,7	79,1	100,1	<b>93,0</b>	17,8	9,0	7,0	31,1	3,6	17,2	131,6
Jötunn	17-670	Tumi	14-545	110,2	89,4	68,6	<b>89,4</b>	18,5	9,6	7,2	29,5	3,6	17,1	132,2
Smári	17-663	Straumur	16-061	98,6	91,1	77,7	<b>89,2</b>	17,7	9,2	6,7	29,5	3,6	17,4	134,3
Tígri	14-543	Mjólki	12-558	88,8	96,9	81,1	<b>89,0</b>	16,9	9,1	6,4	29,6	3,5	17,0	134,4
Móri	17-661	Dökkvi	15-159	106,2	68,4	72,8	<b>82,5</b>	18,4	9,2	7,8	28,1	3,1	17,1	135,5
Hringur	17-664	falur	16-530	105,2	66,7	67,0	<b>79,6</b>	18,2	9,3	7,7	29,0	3,8	16,9	138,8
							<b>Meðalta</b>	17,8	9,8	7,0	30,3	3,4	17,4	133,5

Í þessari 18 hrúta rannsókn stendur afgerandi efstur Lárus 15-567, en hann hefur vermt það sæti áður og staðfestir því hve öflugur kynbótagripur hann er gagnvart allri holdfyllingu enda einkunnir bæði fyrir kjötmat og líflömb með ótrúlegum frávikum og heildareinkunn sú sjötta hæsta á landsvísu. Afkvæmin mældust að meðaltali með þykkastan bakvöðva og stóðu í hæstu stigum fyrir lærahold og gerð sláturlamba. Lárus gefur jafnframt hóflega fitu og kemur það án efa niður á fallþunga afkvæmanna og hann var auk þess eingöngu notaður á tvævetlur. Þessi hrútur er aðkeyptur frá Borg við Mjólkárverkjun dóttursonur Lauks 08-217 frá Minni-Hlíð í Bolungavík sem var athygliverður sonur Bifurs 06-994 frá Hesti. Faðir Lárusar er Gutti 12-030 frá Jónu G. Hreinsdóttur í Bolungavík en föðurfaðir er Gosi 09-850 frá Ytri-Skógum. Efstu hrútar í rannsóknunum á Ketilsseyri og Grænuhlíð eru því náskyldir. Í öðru og þriðja sæti rannsóknarinnar eru albræðurnir Fróði 17-671 og Postuli 17-668 sem báðir gefa góð sláturlömb og líflömb. Postuli gefur þó betri gerð sláturlamba ásamt hærri lærastigum að jafnaði, en Fróði gefur áberandi minni fitu. Þessir bræður eru undan Al 16-529 og er ff. þeirra Jón Viðar 15-562 frá Borg/Mjólka sem er einnig undan áðurnefndum Gutta 12-030 föður Lárusar 15-567. Móðir þeirra bræðra er Þyrla 14-465 og er faðir hennar Mjólki 12-558 frá Borg/Mjólka en ff. hennar er áðurnefndur Laukur 08-217 Bifursson. Í mm. ætt bræðranna má síðan finna Raft 05-966 o.fl. sæðingahrúta. Fjórði í röðinni er Whiský 15-563 með jafnar og góðar niðurstöður en þessi hrútur er frá Ketilsseyri og m.a. út af sæðingahrútinum Cat 04-992, Ljúfi 05-968, Grábotna 06-833 o.fl. Þar sem Jón Viðar 15-562 er hér títt nefndur skal hér að lokum bent á að hann er sjálfur með langþingstu lömbin í rannsókninni.



## Efri-Rauðsdalur, Barðaströnd

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Boði	17-056	Beitir	15-076	129,6	113,0	106,2	<b>116,2</b>	20,0	10,5	7,3	27,6	4,4	17,6	149,3
Surtur	15-070	Áni	14-060	114,6	110,5	121,2	<b>115,5</b>	18,4	9,4	6,3	28,4	3,5	17,2	140,7
Ágóði	16-072	Grímur	14-037	105,5	114,9	120,1	<b>113,5</b>	17,5	9,8	6,6	28,1	4,0	17,3	143,9
Freri	16-075	Freyr	14-061	93,2	112,4	122,0	<b>109,2</b>	16,5	9,0	5,9	28,0	3,9	17,4	140,8
Bósi	17-055	Kroppur	14-072	110,0	104,7	94,6	<b>103,1</b>	18,3	9,2	6,4	27,8	4,9	17,5	145,6
Bjartur	17-054	Ebiti	13-971	123,0	98,8	85,4	<b>102,4</b>	19,9	9,4	6,8	28,6	5,7	17,1	141,7
Ábóti	16-071	Hnokki	12-047	92,2	108,1	95,6	<b>98,6</b>	16,5	9,3	6,4	28,2	5,2	17,4	144,2
Gosi	17-052	Ágóði	16-072	97,2	91,1	106,0	<b>98,1</b>	16,7	8,2	6,0	27,4	3,5	16,9	141,5
Áslákur	13-056	Eitill	12-043	96,6	92,8	102,9	<b>97,4</b>	16,8	8,9	6,5	26,7	3,4	17,0	144,3
Völundur	16-073	Tenór	14-103	101,4	96,3	93,0	<b>96,9</b>	17,2	8,7	6,2	26,8	3,8	17,0	139,5
Dropi	15-069	Áll	14-059	77,1	79,4	76,8	<b>77,8</b>	15,1	8,2	6,3	26,7	5,0	16,9	138,7
Oddi	14-751	Fengur	13-701	78,2	78,2	70,2	<b>75,5</b>	15,3	8,4	6,6	26,0	4,6	17,1	145,2
							<b>Meðalta</b>	17,1	9,1	6,4	27,5	4,2	17,2	142,9

Efstur raðast Boði 17-056 en hann gefur hér mestan fallþunga, besta gerð sláturlamba og hæstu lærastigin. Boði gefur hinsvegar feitari lömb að meðaltali og bakvöðvapykkt rétt um meðaltal. Boði er frá Broddanesi 1 í Strandasýslu. Faðir Beitir 15-076 og móðir 15-608. Í öðru sæti með nokkuð jafnar og góðar niðurstöður er hinn svarti Surtur 15-070. Faðir hans er Áni 14-060 frá Árbæ í Reykhólasveit og móðir Matta 12-201 frá Húsavík á Ströndum. Surtur gaf næst þykkastan bakvöðva í sínum afkvæmum. Í þriðja sæti er Ágóði 16-072 einnig með jafnar og góðar niðurstöður en hann er frá Árbæ. Faðir hans er Grímur 14-037 og móðir Kolla 15-169. Í ættartré Ágóða eru m.a. sæðingahrútarnir Undri 05-818, Steri 07-855 og Strengur 09-891. Ágóði var aðallega notaður á tvævetlur þetta árið.

## Fremri-Gufudalur, Reykhólasveit

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Rex	17-409	Viddi	16-410	95,7	134,3	123,1	<b>117,7</b>	18,6	10,6	6,3	30,0	3,0	17,7	126,7
Addi	17-410	Deddi	15-410	108,7	118,4	123,1	<b>116,7</b>	19,7	10,4	6,7	30,4	2,8	17,6	132,3
Bósi	17-408	Viddi	16-410	114,0	110,3	119,1	<b>114,4</b>	20,1	10,5	7,1	30,3	3,1	17,9	125,1
Viddi	16-410	Deddi	15-410	107,1	125,7	105,9	<b>112,9</b>	19,4	10,5	6,7	28,9	3,0	17,7	127,1
Jaki	15-406	Láki	13-117	108,5	95,4	107,4	<b>103,8</b>	19,5	10,0	7,1	30,5	3,7	17,5	126,0
Botni	16-409	Gráni	12-410	103,1	104,4	101,6	<b>103,0</b>	19,2	10,5	7,4	30,0	3,7	17,7	129,9
Flói	17-406	Deddi	15-410	96,0	113,6	94,9	<b>101,5</b>	18,7	10,0	6,5	29,0	3,1	17,4	127,9
Plútó	16-405	Óreon	13-411	80,1	112,9	106,5	<b>99,8</b>	17,6	9,8	6,4	29,9	3,7	17,7	129,3
Búri	17-405	Prins	16-117	91,6	98,9	74,9	<b>88,5</b>	18,2	9,8	6,9	26,8	2,9	17,5	128,2
Tumi þumall	17-404	Rauður	14-163	96,1	51,9	78,3	<b>75,4</b>	18,7	8,9	7,6	27,9	3,1	17,3	127,2
VG	16-406	Indi	15-408	96,3	55,5	60,2	<b>70,7</b>	18,8	9,2	7,5	27,4	3,6	17,2	125,5
							<b>Meðalta</b>	19,0	10,0	7,0	29,2	3,2	17,6	127,5

Hér eru það feðgar og bræður sem skipa fjögur efstu sætin í rannsókninni en allir eru þeir afkomendur Dedda 15-410 frá Árbæ. Fyrstur raðast Rex 17-409 sem er með hæsta kjötmatseinkunn og jafn þeim næsta í 1-2 sæti fyrir líflambaeinkunn. Allar niðurstöðutölur fyrir Rex eru mjög hagstæðar að undanskyldum fallþunga en hann var aðallega notaður á tvævetlur. Faðir Rex er Viddi 16-410 og ff. Deddi 15-410. Móðir er Ragga G. 15-570 en foreldrar hennar eru bæði aðkeypt frá Heydalsá í Strandasýslu og í hennar móðurætt koma m.a fyrir sæðingahrútarnir Roði 10-897 og Logi 07-825. Næstur er Addi 17-410 sem umfram Rex gefur góðan vænleika og heldur betri ómmælingar. Addi er undan áðurnefndum Dedda 15-410. Móðir er Katnis 15-568 og mf. Dagur 13-410 frá Árbæ. Addi er svarbotnóttur. Þriðji hrútur hér er Bósi 17-408 sem fyrir utan að gefa hörkugóðar niðurstöður fyrir alla mælda og stigaða þætti, gefur þyngstu lömbin þ.e. 1,1 kg yfir meðaltalið. Faðir er Viddi 16-410 og því ff. Deddi 15-410. Móðir er Bósa mamma 15-501 og mf. Óregon 13-411 frá Reykhólum. Í ætt Bósa

mömmu eru m.a. einnig sæðingahrútarnir Rosi 11-899 og Bogi 04-814. Í fjórða sæti rannsóknarinnar er áður nefndur Viddi 16-410 og eru niðurstöðutölur fyrir hans afkvæmahóp afar hagstæðar fyrir utan bakvöðvabykkt sem er aðeins undir meðaltali. Viddi og áður nefndur Addi 17-410 eru albræður þó bornir séu sitt hvort árið.

## Innri-Múli, Barðaströnd

Nafn	Númer	Faðir Nafn	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Spakur	16-302	Svali	14-071	126,7	140,2	162,9	<b>143,3</b>	18,7	11,8	6,7	29,2	3,3	17,7	145,0
Flotti	14-309	Hreggur	09-315	119,1	124,5	114,6	<b>119,4</b>	18,2	11,4	6,9	26,8	3,3	17,3	141,8
